

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2016, sunnudaginn 29. maí, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnunum Þresti Ríkharðssyni, Gunnari Guðmundssyni og Sigurði I. Halldórssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 3/2016:

Knattspyrnudeild Stjörnunnar, kt. 580589-1389

gegn

Knattspyrnusambandi Íslands, kt. 700169-3679

Gögn málsins merkt nr. 1-12 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Stjörnunnar,

kt. 580589-1389

Ásgarði, 210 Garðabæ

Fyrirsvarsmaður: Almar Guðmundsson

Kærði:

Knattspyrnusamband Íslands

kt. 700169-3679

Laugardalsvelli, 104 Reykjavík

Fyrirsvarsmaður: Geir Þorsteinsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 27. maí 2016. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð innan sólarhrings með bréfi dags. sama dag. Greinargerð barst frá kærða innan frestsins þann 28. maí sl.

Kröfur:

Kröfur kæranda eru að leikjum Stjörnunnar gegn Breiðablik og Val daganna 30. maí og 5. Júní nk. Í úrvalseild karla í knattspyrnu verði frestað svo kæranda sé gert kleyft að leyfa aðalmarkmanni félagsins, Duwayne Oriel Kerr, að taka þátt í landsliðsverkefnum fyrir heimaland sitt, Jamaíka, án þess að höggið sé verulegt skarð í leikmannahóp félagsins í umræddum leikjum.

Til vara er þess krafist að málínú sé vísað aftur til mótanefndar til réttmætrar umfjöllunar, röksem darfærslu og ákvarðanartöku.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að kærandi hafi hinn 20. maí sl. sent inn erindi til mótanefndar KSÍ þar sem óskað var eftir því að leikjum kæranda gegn Breiðablik og Val daganna 30. maí og 5. júní nk. yrði frestað. Var beiðni um frestun byggð á því að um er að ræða alþjóðlega landsleikjadaga samkvæmt opinberu landsleikjadagatali FIFA og að heimaland markvarðar kæranda, Jamaíka, hafi boðað hann til þáttöku í vinaleik Jamaíka og Chile hinn 27. maí nk. vegna undirbúnings fyrir Copa America.

Mótanefnd hafi hins vegar hafnað beiðni kæranda með tilkynningu þar um þann 23. maí sl. og hafi sú tilkynning verið í formi minnisblaðs.

Telur kærandi ákvörðun mótanefndar fara gegn markmiðum kærða um þáttöku leikmanna í landsliðsverkefnum og fara gegn fyrri fordænum mótanefndar þar sem fallist hafi verið á frestun leikja vegna landsliðsverkefna leikmanna.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til gr. 1.1 í reglugerð KSÍ um þáttöku leikmanna í landsliðsverkefnum og til 1. gr. viðauka I við reglugerð FIFA um „Regulations for the Status and Transfers of Players“.

III.

Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð innan sólarhrings og barst svar þann 28. maí sl. Í greinargerð kærða kemur m.a. fram að um störf mótanefndar gildi starfsreglur mótanefndar KSÍ. Í starfsreglunum (4. grein) komi fram að helstu verkefni mótanefndar séu m.a.:

- Að annast og gefa út niðurröðun leikja í mótum á vegum KSÍ.
- Að taka ákvörðun um frestun leikja og hvenær þeir skuli settir á að nýju.
- Að afgreiða óskir félaga um breytingar á leikjum.

Ekki séu frekari leiðbeiningar varðandi niðurröðun leikja að finna í reglum KSÍ. Þar sé ekki að finna reglur sem banna mótanefnd KSÍ að raða leikjum félaga á sama tíma og landsleikir fara fram. Engin ákvæði reglugerða KSÍ skyldi nefndina til að færa leiki vegna verkefna landsliða. Alþjóða knattspyrnusambandið (FIFA) hafi sett reglur sem skylda félög að losa leikmenn til þáttöku með landsliðum eins og kemur fram í greinargerð Stjörnunnar en FIFA hafi ekki sett reglur sem banna aðildaríkjum að leika í landsdeildum á sama tíma og landsleikir fara fram.

Þá bendir kærði á að frestun tveggja leikja í úrvalsdeild karla í jafn langan tíma og kærandi fer fram á hefði í för með sér verulega röskun á mótinu, sér í lagi þegar haft er í huga hve stutt það er. Ennfremur bendir kærði á að kæranda sem og öðrum liðum í úrvalsdeild hafi verið kynnt fyrirhugað leikjafyrirkomulag með góðum fyrirvara og gefinn kostur á að koma að athugasemdum en það hafi kærandi ekki gert.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu hefur Knattspyrnudeild Stjórnunnar kært Knattspyrnusamband Íslands (hér eftir „kærði“ eða „KSÍ“) á þeim grunni fyrst og fremst að ákvörðun mótanefndar að synja um frestun tiltekinna leikja kæranda í úrvalsdeild karla í knattspyrnu fari gegn markmiðum KSÍ um að félög skuli ávallt heimila leikmönnum sínum þáttöku í landsleikjum og feli í sér frávik frá fyrri framkvæmd mótanefndar varðandi frestun leikja þegar leikmenn eru kallaðir til leikja með landsliði sínu.

Í gr. 7.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er kveðið á um að einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti hafi rétt til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Þá kemur fram að varnaraðili getur verið hver sá sem tilgreindur er í grein 3.3. í reglugerðinni. Í gr. 3.3. í reglugerðinni eru tilgreindir þeir aðilar sem aga- og úrskurðarnefnd getur beitt viðurlögum fyrir brot á lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og öðrum reglum. Eru umræddir aðilar, sem taldir eru upp með tæmandi hætti í ákvæðinu, aðildarfélög, forráðamenn, leikmenn, þjálfarar, starfsmenn, milliliðir og aðrir þeir, sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ.

Af framangreindum ákvæðum reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál leiðir að almennt er ekki er gert ráð fyrir að ákvarðanir sem teknar eru af KSÍ eða nefndum innan þess sæti kæru til aga- og úrskurðarnefndar nema sérstök heimild liggi til þess í öðrum reglugerðum KSÍ, enda ekki fyrir hendí, samkvæmt gr. 3.3., heimild fyrir aga- og úrskurðarnefnd að beita KSÍ eða nefndir á vegum þess viðurlögum samkvæmt reglugerð um aga- og úrskurðarmál. Af hálfu kæranda hefur ekki verið vísað til slíkra heimilda og brast kæranda samkvæmt framangreindu heimild til þess kæra KSÍ enda getur það ekki verið varnaraðili málsins, sbr. gr. 7.4 reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Um störf mótanefndar KSÍ gilda m.a. starfsreglur fyrir mótanefnd KSÍ sem samþykktar voru af stjórn KSÍ þann 23. maí 2007. Í 6. gr. starfsreglanna er kveðið á um að stjórn KSÍ skeri úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunni að rísa út frá reglunum.

Líkt og áður greinir byggir kærandi málatilbúnað sinn aðallega á því að mótanefnd KSÍ hafi ekki horft til ákvæða reglugerðar KSÍ um þáttöku leikmanna í landsliðsverkefnum og að í ákvörðun hennar hafi falist frávik frá fyrri framkvæmd og ákveðin mismunun eftir því hvert sé heimaland þeirra leikmanna sem kallaðir eru til landsleikja. Fyrrgreind reglugerð á samkvæmt efni sínu við um þáttöku leikmanna í landsleikjum á vegum KSÍ og getur því ekki komið til álita varðandi þáttöku leikmanna í landsleikjum á vegum annarra knattspyrnusambanda. Þá eru engin ákvæði í umræddri reglugerð er lúta að leikjafyrirkomulagi félagsliða í mótom á vegum KSÍ.

Önnur atriði í málatilbúnaði kæranda fjalla á matskenndan hátt um það hvort mótanefnd hafi gætt samræmis og sanngirni í ákvörðunartöku sinni og hvort ákvörðun hennar hafi verið rökstudd með fullnægjandi hætti. Verður að líta svo á að framangreind atriði falli undir ágreiningsatriði er varða störf mótanefndar og þar með starfsreglur hennar og beri með réttu að vísa til stjórnar KSÍ til úrlausnar, sbr. 6. gr. starfsreglna fyrir mótanefnd KSÍ.

Að virtum framangreindum ákvæðum í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og 6. gr. starfsregla fyrir mótanefnd KSÍ og eins og málatilbúnaði kæranda er háttar í kæru verður ekki komist hjá því að vísa málínus frá aga- og úrskurðarnefnd.

V.


Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagars ekki taldir með.

VI.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá.



Gunnar Guðmundsson
Þróstur Ríkharðsson
Sigrún Í. Halldórsdóttir